

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ:

*Deiliskipulag Ása og Grunda – Arnarnesvogur.*

Breytingin felur í sér að lóðir fyrir grunnskóla og hönnunarsafn eru felldar niður og gert ráð fyrir opnu svæði, strandgarði/útivistarsvæði. Innan þess eru markaðar lóðir fyrir siglingaklúbb og veitingahús. Hámarksstærð veitingahússins er 300 m<sup>2</sup> en hámarkshæð útveggja er 3,5 m. Heimilt verður að byggja 300 m<sup>2</sup> hús á lóð siglingaklúbbsins. Mesta leyfilega hæð mænis er 7 m en mesta hæð langveggja er 5 m.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 10. desember 2010.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2010